

STARFSREGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.

1. gr.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjörðurkaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur, hafa komið á fót samvinnunefnd, til að fjalla um breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og til að meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Hver sveitarstjórn hefur kosið tvo fulltrúa í nefndina. Skipulagsstofnun tilnefnir fulltrúa til að starfa með nefndinni og hefur hann full réttindi nefndarmanns önnur en atkvæðisrétt. Varamenn eru ekki kosnir, en við samþykkt tillagna skal þess gætt að a.m.k. einn fulltrúi hvers sveitarfélags hafi tækifæri til að greiða atkvæði.

2. gr.

Samvinnunefnd kys sér formann, varaformann og ritara. Til þess að annast starf milli funda og undirbúa fundi samvinnunefndar starfar 6 manna framkvæmdanefnd. Formaður samvinnunefndar og varaformaður og ritari eiga sæti í framkvæmdanefndinni, svo og menn að auki sem samvinnunefnd kys úr sínum hópi. Formaður samvinnunefndar er jafnframt formaður framkvæmdanefndar. Framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu starfar með nefndunum og nýtur aðstoðar skipulagsstjóra sveitarfélaganna.

3. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er í aðalatriðum tvíþætt. Annars vegar að fjalla um og afgreiða breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Hins vegar að meta hvort ástæða er til að ráðast í heildarendurskoðun og vinna nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Leggi nefndin til að ráðist verði í heildarendurskoðun skal hún skila tillögum þar um til sveitarfélaganna. Ekki verður ráðist í gerð nýs svæðisskipulags nema með samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Fundi í samvinnunefnd skal halda eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Formaður boðar til funda með a.m.k. 3 daga fyrirvara. Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður ásamt 7 öðrum nefndarmönnum eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um sem flestar ákvarðanir og afgreiðslur samvinnunefndarinnar, takist það ekki ræður afl atkvæða. Samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga telst svæðisskipulag eða breyting á því, samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefnd sendir samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Samvinnunefnd skal halda gerðabók og skulu fundargerðir jafnan lagðar fram á næsta fundi. Jafnframt skulu þær sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

5. gr.

Samvinnunefnd hefur heimild til að ráða til sín ráðgjafa til að meta einstaka tillögur um breytingar á svæðisskipulaginu og til að vinna einstaka breytinga- eða endurbótatillögur á svæðisskipulaginu. Allur almennur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði sem aðildar-

sveitarfélögin skulu mynda í þessu skyni, þ.e. aðkeypt vinna ráðgjafa, aðkeypt þjónusta og gagnaöflun, laun nefndarmanna og kostnaður vegna ljósrita, prentunar og kynninga og annar fundarkostnaður. Árlegur kostnaður vegna starfa nefndarinnar skiptist milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan. Kostnaður vegna einstaka breytinga, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.

Ekki er gert ráð fyrir að vinnuframlag einstaka stofnana innan sveitarfélaganna, s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess.

Ef ákveðið verður að ráðast í heildarendurskoðun svæðisskipulagsins hefur samvinnunefndin heimild til að ráða til sín ráðgjafa til að undirbúa forval og útboð. Tillögur samvinnunefndar um val ráðgjafa og verk- og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Sameiginlegur kostnaður við heildarendurskoðun greiðist allt að til helminga af Skipulagssjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem unnar eru af samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgar-svæðinu staðfestast hér með samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 26. nóvember 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.